

## Skólapúlsinn Vorskýrsla 2019

### 1 Inngangur

Samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 36. gr. ber öllum grunnskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat á starfsemi sinni. Megintilgangur með sjálfsmati er að kanna hvort tekist hafi að ná markmiðum skólans, að greina veika og sterka þætti skólastarfsins og bæta það sem bæta þarf en um leið styrkja jákvæða þætti. Skólanum ber að koma til móts við þá sem standa að skólasamfélaginu og þannig móta í sameiningu gott skólastarf. Sjálfsmat á stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað og er það lykillinn að því að gera góðan skóla betri.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni en sjálfsmatið sjálft verður að byggja á fjölbreyttum greiningargögnum miðað við aðstæður og viðfangsefni hverju sinni og hafa ber í huga að þeir sem koma helst að skólanum, starfsfólk, foreldrar og nemendur taki þátt í sjálfsmatinu og komi þannig sínum sjónarmiðum að. Grunnskólar skulu birta á heimasíðu skólans upplýsingar um framkvæmd innra mats, helstu niðurstöður og leiðir til úrbóta og er þessi skýrsla m.a. liður í því að gera sjálfsmat skólans opinbert.

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd innra mats skólans.

### 2 Starfsemi og áherslur skólans

#### 2.1 Skólinn.

Höfðaskóli á Skagaströnd er grunnskóli með 80 nemendur í 1. til 10. bekk í upphafi skólaárs 2018-2019, 11 nemendur komu úr nærliggjandi sveitarfélagi, Skagabyggð.

Við skólann störfuðu 12 kennarar og leiðbeinendur í mismiklum starfshlutföllum

ásamt fimm stuðningsfulltrúum, einum skólaliða, starfsmanni á bókasafni og

húsverði. Þá hefur skólahjúkrunarfræðingur fastan viðtalstíma í skólanum og sinnir almennri heilsugæslu. Skólastarfinu er skipt í tvær annir: haust- og vorönn.

Kennsludagar voru 175. Nemendum og starfsfólki býðst að kaupa heitar skólamáltíðir í hádeginu. Gott samstarf er milli Höfðaskóla og Tónlistarskóla Austur-Húnavatssýslu.

Nemendur sem stunda tónlistarnám fá að fara úr almennum tímum í skólanum í tíma

Í tónlistarskólanum og eru tónlistartímarnir skipulagðir þannig að nemendur mæta á mismunandi tímum frá viku til viku. Þá er tónlistarnám viðurkennt sem ein af valgreinum í eldri bekkjum skólans.

## 2.2 Stefna skólans og áherslur

Stefna skólans eða yfirmarkmið hans koma fram í einkunnaorðunum skólans *Vinsemd-Virðing-Styrkur*. Þar er vísað til þess að öllum beri að sýna samferðafólki sínu vinsemd og virðingu þrátt fyrir að við erum ólík og jafnvel ósammála um mikilvæg atriði. *Vinsemd* og *virðingu* er ekki hægt að kaupa sér heldur verður maður að öðlast hvort tveggja með eigin framkomu og hegðun. *Styrkur* vísar til þess að til þess að vera virkur og hamingjusamur einstaklingur í lýðræðislegu samfélagi er ekki nóg að vera læs og skrifandi. Allir þurfa að efla styrk sinn á breiðu sviði án þess þó að það komi niður á öðrum. Skólinn er samstarfsaðili grunnskólanna í Húnavatnssýslunum báðum um endurmenntun starfsmanna. Fræðslustjóri skipuleggur námskeið í samráði við stjórnendur skólanna. Í vetur var haldið áfram með vinnu frá fyrra ári, þ.e. um leiðsagnarmat og teymiskennslu undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar. Stærðfræðistefnan og læsisstefnan eru tilbúnar og komnar á heimasíðu skólans. Þessar stefnur eru lifandi plagg, í sífelldri endurskoðun og þróun.

### 3 Innra mat skólans skólaárið 2018-2019

#### 3.1. Greiningargögn

Til að sjálfsmat sé raunhæft og áreiðanlegt er nauðsynlegt að fram fari viðtæk og sem fjölbreytilegust gagnaöflun er varðar skólastarfið. Skólinn notar greiningartæki Skólapúlsins við gagnaöflunina en einnig ýmsar líðan- og tengslakannanir, foreldra- og starfsmannaviðtöl, niðurstöður samræmdra prófa, bekkjarnámskrár, almennt námsmat skólans, kennara- og starfsmannafundi, teymisfundi og ýmsar skimanir, með von um að sem áreiðanlegastar upplýsingar við sjálfsmatið náist.

#### 3.2 Sjálfsmatsáætlun 2018-2019

TÍMI	Áætlun um framkvæmd	Framkvæmdaraðilar og þátttakendur
<b>Maí</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ <i>Sjálfsmatsskýrsla</i> fyrra árs kynnt starfsmönnum skólans, skólaráði og fræðslunefnd.</li> <li>➤ Sjálfsmatsskýrsla sett á heimasíðu skólans.</li> </ul>	Skólastjórnendur, starfsmenn, skólaráð og fræðsluyfirvöld.
<b>Ágúst – sept.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Umbótaáætlun kynnt</li> <li>➤ Kennsluáætlanir unnar og kynntar nemendum og foreldrum</li> <li>➤ Haustfundir með forráðamönnum.</li> <li>➤ Starfsmannasamtöl skólastjóra.</li> <li>➤ Lesferill lagður fyrir 2.-10.b.</li> </ul>	Skólastjórnandi, umsjónarkennarar og forráðamenn
<b>Október GAGNA ÖFLUN. Skóla- púlsinn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Skólapúlsinn - nemendakönnun</li> <li>➤ <i>Líðan- og tengslakannanir</i> lagðar fyrir nemendur allra bekkja. Unnið úr niðurstöðum á teymisfundum.</li> <li>➤ Lesferill lagður fyrir 1.b.</li> </ul>	Skólastjóri Umsjónarkennarar Nemendur
<b>Nóv. – des.</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Unnið úr niðurstöðum nemendakönnunar Skólapúlsins og hugmyndir að umbótum lagðar fram.</li> </ul>	Skólastjórnendur, sérkennari, umsjónarkennarar, foreldrar og nemendur
<b>Janúar – mars GAGNA ÖFLUN skóla- púlsinn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ <i>Líðana- og tengslakannanir</i> lagðar fyrir nemendur í 1.-10. b.</li> <li>➤ <i>Foreldraviðtöl</i> í jan., unnið úr niðurstöðum.</li> <li>➤ Lesferill lagður fyrir 1.-10.b.</li> <li>➤ <i>Starfsmannasamtöl</i> (mars) og unnið úr þeim atriðum sem þar koma fram og tengjast mati á skólastarfi. .</li> <li>➤ Skólapúlsinn - foreldrar í febrúar og starfsfólk í mars.</li> </ul>	Skólastjórnendur Sérkennari, Umsjónarkennarar, Foreldrar Nemendur.
<b>Apríl – júní GAGNA ÖFLUN, Skóla- púlsinn</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>➤ Lesferill lagður fyrir 1.-10.b. (maí)</li> <li>➤ Skólapúlsinn - nemendur (apríl)</li> <li>➤ Sjálfsmatsskýrsla vetrarins unnin. Hugmyndir að umbótum sem byggja á mati skólaársins.</li> </ul>	Skólastjórnendur Umsjónarkennarar

Að auki eru *logoskimanir* lagðar fyrir nemendur eftir þörfum allan veturinn. Nánar um læsi má sjá í læsisstefnu skólans.

### 3.3 Skólapúlsinn

Höfðaskóli notar spurningalista frá Skólapúlsinum til að auðvelda sér vinnuna við heildstætt sjálfsmat skólans. Skólapúlsinn er vefkerfi sem miðar að því að veita skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er reglulega yfir veturinn um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Matið er langtímamiðað þannig að auðvelt er að bera saman stöðuna milli mánaða og frá ári til árs. Mikil hagræðing er í notkun kerfisins þar sem framkvæmd er sjálfvirk greining niðurstaðna og birting þeirra er einnig sjálfvirk. Niðurstöður um stöðu nemenda eru bornar saman við niðurstöður fyrri mælinga í skólanum og við landsmeðaltal sem gefur skýrar vísbendingar um þróun mála í skólanum og stöðu nemenda í skólanum miðað við nemendur í öðrum skólum á landinu.

**Nemendakannanir** eru tvær og lagðar fyrir nemendur í 6.- 10. bekk í október og apríl. Sömu spurningar eru lagðar fyrir í bæði skiptin og fjalla þær um nám og líðan nemenda í skólanum í eftirfarandi flokkum:

1. Virkni nemenda í skólanum
2. Líðan og heilsa
3. Skóla- og bekkjarandi

Aftast í spurningalistanum eru tvær opnar spurningar þar sem nemendur tjá sig frjálst um hvað þeim þykir gott og hvað mætti betur fara í skólanum. Þessi svör gefa oft vísbendingar um hvað liggur að baki tölulegum niðurstöðum um líðan og virkni.

**Starfsmannakönnun** fer fram í mars og mælir 20 – 28 þætti (fer eftir starfsmanni) í sex flokkum::

1. Almenn um starfsmenn (allir starfsmenn svara)
2. Viðhorf til skólans (allir starfsmenn svara)
3. Kennarastarfið (kennarar svara)
4. Starfsumhverfi kennara (kennarar svara)
5. Mat og endurgjöf (kennarar svara)
6. Símenntun kennara (kennarar svara)

**Foreldrakönnunin** er lögð fyrir í febrúar og mælir hún 41 þátt í eftirfarandi fimm flokkum:

1. Nám og kennsla
2. Velferð nemenda
3. Aðstaða og þjónusta
4. Foreldrasamstarf
5. Heimastuðningur

Niðurstöður eru settar fram á skýran og auðskiljanlegan máta með prósentutölum og skífu- eða súluritum. Áætlun Skólapúlsins gerir ráð fyrir að spurt sé um mismunandi efnisflokka hverju sinni en þó er spurt um líðan nemenda á hverju ári.

### **3.4 Markmiðssetning og viðmið**

Út frá niðurstöðum sem Skólapúlsinn sendir skólunum má lesa hvar skólinn stendur miðað við landsmeðaltal. Einnig má sjá samanburð milli bekkja og kynja innan skólans. Hátt gildi á kvarðanum sýnir að viðkomandi þáttur sýnir sterkt einkenni nemenda í skólanum. Skólapúlsinn gefur út sem viðmiðunarreglu að **munur upp á 0,5** stig telst **ekki** mikill munur, **munur upp á 1.0 stig** telst **töluverður** munur og **munur upp á 1,5 stig** og meira telst **mikill eða mjög mikill** munur.

Skólinn hefur sett sér það viðmið að sé niðurstaða skólans meira en 0,5 stigum undir landsmeðaltali beri að skoða það alvarlega og gera tillögur til úrbóta. Það sem væri svipað landsmeðaltali og niður að 0,5 stigunum þyrfti að skoða og ákvarða um framhaldið út frá mikilvægi og/eða hvort munur væri milli kynja eða bekkja. Allt yfir landsmeðaltal væri gott og þyrfti ekki að skoða nánar en þó haft í huga til að festa styrkleika í sessi.

### **3.5 Túlkun gagna og kynning á niðurstöðum**

Allt ut anumhald og túlkun gagna er í höndum skólastjóra sem síðan kynnr og ræðir niðurstöður á kennarafundum og vinnufundum eftir því sem við á. Skýrsluna ber að setja á heimasíðu skólans og senda formanni fræðslunefndar til kynningar.

## 4 Niðurstöður og umbætur

### 4.1 Foreldraviðtöl

Foreldrar og umsjónarkennarar hittust tvisvar sinnum á skólaárinu á formlegum fundum. Í upphafi skólaársins eru kennarar með námsefniskynningu í hverri bekkjardeild þar sem umsjónarkennari fer yfir námsefni og starf vetrarins. Í janúar eru einstaklingsviðtöl þar sem umsjónarkennari, forráðamenn og nemandi hittast og fara m.a. yfir stöðu og gengi nemandans í námi. Niðurstöður viðtalanna eru trúnaðarmál og farið með þær sem slíkar. Ef upp koma mál sem eru þess eðlis að þau eigi erindi til skólastjóra og/eða nemendaverndarráðs er þeim komið þangað svo hægt sé að koma þeim í umbótaferli. Önnur mál eru leyst strax með þeim sem þau varðar.

### 4.2 Starfsmannasamtöl

Starfsmannaviðtöl fara fram að hausti og aftur að vori. Þau eru trúnaðamál skólastjóra og starfsmanns og eru um allt sem snertir starfið og reynt að hafa þau umbótamiðuð.


### 4.3 NEMENDAKÖNNUN 6.-10.b.


Spurningarnar í hverri könnun skiptast í nokkra flokka. Í nemendakönnun er spurt um *virgni nemenda í skólanum, líðan og heilsu nemenda og skóla- og bekkjaranda.*

#### 4.3.1 Virkni nemenda í skólanum

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja af lestri	4,7	76	4,7	14.981	0,0
1.2. Þrautseigja í námi	4,5	77	4,9	14.933	-0,4*
1.3. Áhugi á stærðfræði	5,0	77	5,1	15.155	-0,1
1.4. Ánægja af náttúrufræði	4,7	77	4,8	15.137	-0,1
1.5. Trú á eigin vinnubrögð í námi	4,6	77	4,9	14.931	-0,3
1.6. Trú á eigin námsgetu	4,0	77	4,8	15.141	-0,8*

Flokkurinn *virgni nemenda í skólanum* kemur mun betur út í ár en í fyrra. *Ánægja af lestri* eykst að mun milli ára og er á pari við landið, þrautseigja eykst frá í fyrra og nálgast landsmeðaltalið, *áhugi á stærðfræði* tekur heljarstökk upp á við og er við landsmeðaltal núna, sama má segja um *ánægju af náttúrufræði*. *Trú á eigin vinnubrögð* eykst frá fyrra ári en aftur á móti fer *trú á eigin námsgetu* enn niður og er komin töluvert undir landsmeðaltal. Þennan þátt þarf að taka alvarlega, greina ástæður og finna leiðir til úrbóta. Athygli vekur munur milli bekkja.












### 4.3.2. Líðan og heilsa

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Sjálfsálit	4,9	77	4,8	14.903	0,1
2.2. Stjórn á eigin lífi	4,3	77	4,7	14.871	-0,4
2.3. Velliðan	4,7	77	4,8	15.076	-0,1
2.4. Áhyggjur og stress - ástæður	-	19	-	-	-
2.5. Einelti	5,1	77	5,3	15.054	-0,2
2.6. Tíðni eineltis	7,8%	6 <sub>/77</sub>	12,2%	1931 <sub>/15004</sub>	-4,4%
2.7. Staðir eineltis	-	6	-	-	-
2.8. Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oftar	50,0%	38 <sub>/76</sub>	44,5%	6560 <sub>/14679</sub>	5,5%
2.9. Hollt mataræði	4,2	77	4,8	14.802	-0,6*

Þátturinn *líðan og heilsa nemenda* er heldur upp á við miðað við fyrir ári. *Sjálfsálit* okkar nemenda er komið yfir landsmeðaltal, *Stjórn á eigin lífi* hefur undanfarin ár verið á pari við landið en er nú komið undir landsmeðaltal. Þar er m.a. verið að spyrja um hvort nemendur telji sig geta leyst vandamál sín, hvort þeim finnst aðrir stjórni sér of mikið, hvort þeir geti gert næstum allt sem þeir einbeita sér að og hvernig og hvort þeim takist að leysa úr vandamálum sínum. *Velliðan* er nokkurn veginn á pari við landið. *Einelti* er rétt undir meðaltali og það á að vera undir meðaltali. Því minna einelti því betra. *Tíðni eineltis* fer sömuleiðis niður á við og er töluvert undir landsmeðaltali sem er gott. Athygli vekur einelti sem virðist eiga sér stað í almennum kennslustundum, í hádegisstund og í íþróttatímum. Þetta þarf að hafa í huga og bregðast við.






Í ár er spurt um *tíðni hreyfingar* og þar sker einn bekkur sig mjög úr. Þessi þáttur eykst töluvert innan skólaársins og það er mjög gott. *Hollt mataræði* stendur nokkurn veginn í stað milli ára og er áfram undir landsmeðaltali. Þar vekur athygli að 71% nemenda segjast borða skyndimat (pítsu, franskar, hamburgara) 1-3 sinnum í viku, 50% segjast drekka gosdrykki 1-3 í viku, 18% 4-6 sinnum í viku og 12% segjast aldrei borða ávexti eða grænmeti.



### 4.3.3 Skóla- og bekkjarandi

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Samsömun við nemendahópinn	4,8	77	4,9	14.786	-0,1
3.2. Samband nemenda við kennara	5,4	76	5,0	14.990	0,4*
3.3. Agi í tímum	4,4	77	4,9	14.981	-0,5*
3.4. Virk þátttaka nemenda í tímum	5,2	77	5,1	14.952	0,1
3.5. Mikilvægi heimavinnu í náminu	5,2	72	4,8	13.660	0,4*

Almennt kemur þessi þáttur nokkuð vel út. *Samsömun við nemendahópinn* felur í sér spurningar eins og „mér líður eins og ég sé skilinn útundan, ég á auðvelt með að eignast vini, ég tilheyri hópnum o.s.frv.“ Þessi liður kemur vel út. *Samband nemenda við kennara* er mjög ásættanlegt. Það var á pari við landið í fyrra, er nú nokkuð yfir landsmeðaltali. *Agi í tímum* fer minnkandi og er undir landsmeðaltali. Þar sker einn árgangur sig nokkuð úr en hjá honum einum virðist agi aukast. *Virk þátttaka nemenda í tímum* er á pari við landið en *mikilvægi heimavinnu í náminu* er nokkuð yfir landsmeðaltali. Rúm 70% telja sig stundum, yfirleitt eða alltaf fá heimaverkefni sem þeim finnast áhugaverð og það er ánægjuleg þróun.



## 4.4 FORELDRAKÖNNUN


Spurningar foreldra eru flokkaðar í eftirfarandi flokka: *nám og kennsla, velferð nemenda, aðstaða og þjónusta, foreldrasamstarf og heimastuðningur.*

### 4.4.1 Nám og kennsla


Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum	5,8	43	5,2	4.289	0,6*
1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans	83,7%	36/43	90,5%	3811/4191	-6,8%
1.3. Hæfileg þyngd námsefnis í skólanum að mati foreldra	95,2%	40/42	82,1%	3545/4261	13,1%*
1.4. Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra	81,0%	34/42	77,9%	3278/4217	3,1%



Foreldrar virðast almennt vera ánægðir með *nám og kennslu í skólanum* og er sá þáttur töluvert yfir landsmeðaltali. *Ánægja með stjórnun skólans* fer aðeins niður fyrir landsmeðaltal en þó telja 84% foreldra skólanum vera mjög vel eða frekar vel stjórnað á móti 17% sem telja honum vera frekar illa/mjög illa stjórnað. Varðandi *þyngd námsefnis í skólanum* þá telja yfir 95% foreldra námsefni vera hæfilega þungt. Athygli vekur mikil sveifla á skoðun foreldra er kemur að aga í skólanum. Árið 2015 vorum við langt undir landsmeðaltali, árið 2016 töluvert yfir landsmeðaltali, árið 2017 undir landsmeðaltali, árið 2016 langt yfir, 2017 töluvert undir og í ár erum við aftur komin yfir landsmeðaltal. Ekkert foreldri telur agann of mikinn en 19% telja hann of lítinn.

Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum – Ársmeðaltöl



1.2. Ánægja foreldra með stjórnun skólans – Ársmeðaltöl





#### 4.4.2 Velferð nemenda


Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur	5,3	43	4,8	4.167	0,5
2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda	93,0%	40 <sub>/43</sub>	87,4%	3638 <sub>/4143</sub>	5,6%
2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt	93,0%	40 <sub>/43</sub>	91,4%	3941 <sub>/4297</sub>	1,6%
2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt	95,3%	41 <sub>/43</sub>	90,9%	3904 <sub>/4290</sub>	4,4%
2.5. Líðan nemenda í frímínútum að mati foreldra almennt	90,7%	39 <sub>/43</sub>	89,7%	3857 <sub>/4299</sub>	1,0%
2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra	4,7%	2 <sub>/43</sub>	9,3%	414 <sub>/4222</sub>	-4,6%
2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum	57,1%	4 <sub>/7</sub>	57,8%	404 <sub>/718</sub>	-0,7%
2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum	50,0%	3 <sub>/6</sub>	55,8%	386 <sub>/707</sub>	-5,8%
2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans	70,3%	26 <sub>/37</sub>	82,3%	2970 <sub>/3601</sub>	-12,0%*
2.10. Meðaltímabil eineltis	2,1	7	1,4	722	0,7
2.11. Staðir innan skólans sem einelti á sér stað	-	7	-	-	-

Líðurinn *velferð nemenda í skólanum* sýnir að foreldrar eru yfirleitt ánægðir með *samskipti starfsfólks við nemendur*, yfir 90% eru mjög eða frekar ánægðir. Sama er að segja um *ánægju foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda*. Foreldrar telja almennt að *börnum þeirra líði vel í skólanum* og sama er að segja um *líðan nemenda í kennslustundum* sem og varðandi líðan *í frímínútum*. Þarna erum við um og yfir landsmeðaltal.


Upplifun foreldra varðandi einelti í skólanum er ánægjuleg en *umfang eineltis að mati foreldra* er undir landsmeðaltali. Því til viðbótar hefur *ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum* stórbatnað, frá því að vera 29% ánægja árið 2017 upp í að

vera 57% í ár og er það nokkurn veginn á pari við landið. Ánægja með *hraða á úrvinnslu eineltismála* hefur sömuleiðis farið batnandi undanfarin ár, frá því að vera engin ánægja árið 2017 upp í að vera 50% ánægja 2019. Um 70% foreldra telja að vel sé unnið eftir *eineltisáætlun* skólans. Foreldrar telja að *einelti* sé helst í hádegisfundum, í íþróttatímum, í búningasklefum og á netinu eða GSM


2.1. Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur – Ársmeðaltöl




2.2. Ánægja foreldra með hve vel skólinn mætir þörfum nemenda – Ársmeðaltöl




2.3. Líðan nemenda í skólanum að mati foreldra almennt – Ársmeðaltöl




2.4. Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt – Ársmeðaltöl




2.5. Líðan nemenda í frímínumum að mati foreldra almennt – Ársmeðaltöl




2.6. Umfang eineltis í skólanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl




2.7. Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum – Ársmeðaltöl




2.8. Ánægja foreldra með hraða á úrvinnslu skólans á eineltismálum – Ársmeðaltöl



2.9. Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans – Ársmeðaltöl



2.10. Meðaltímabil eineltis – Ársmeðaltöl



### 4.4.3 Aðstaða og þjónusta

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja foreldra með aðstöðu í skólanum	5,4	43	5,4	4.217	0,0
3.2. Ánægja foreldra með tómsundaþjónustu	4,9	32	5,0	2.508	-0,1
3.3. Hlutfall nemenda í tómsundaþjónustu/frístundaheimili	79,1%	34/43	60,1%	2609/4273	19,0%*
3.4. Ástæður fyrir því að nemendur nýta ekki tómsundaþjónustu	-	9	-	-	-
3.5. Ánægja foreldra með máltíðir í mótuneyti	68,3%	28/41	80,1%	3082/3798	-11,8%*
3.6. Notkun á mótuneyti	95,3%	41/43	88,9%	3842/4253	6,4%
3.7. Ástæður þess að nemendur nýta ekki mótuneyti	-	-	-	-	-

Að mati foreldra er *aðstaða í skólanum* góð og erum við á pari við landið. Helst gætir óánægju með aðstöðu til að matast. Foreldrar eru almennt ánægðir með *tómsundaþjónustuna* og er þarna átt við þá tómsundaþjónustu sem skólinn eða sveitarfélagið veitir barninu utan hefðbundins kennslutíma, s.s almenn tómsundaþjónusta, frístund eða önnur dægradvöl. Hlutfall þeirra sem nýta Frístund hefur enn aukist að mun og er vel yfir landsmeðaltali. *Ánægja foreldra með máltíðir í mótuneyti* hefur verulega dalað frá í fyrra (68%) og er sá þáttur kominn undir landsmeðaltal. Þó fjölgar þeim sem nýta sér mótuneytið og er yfir landsmeðaltali í fyrsta sinn frá árinu 2013.




#### 4.4.4 Foreldrasamstarf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi	5,5	43	5,0	4.192	0,5*
4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur	58,5%	24 <sub>/41</sub>	57,5%	2429 <sub>/4037</sub>	1,0%
4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina	65,0%	26 <sub>/40</sub>	60,6%	2408 <sub>/3848</sub>	4,4%
4.4. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar hafa áhrif á	-	29	-	-	-
4.5. Þættir í skólastarfinu sem foreldrar vilja hafa meiri áhrif á	-	23	-	-	-
4.6. Ánægja með síðasta foreldraviðtal	95,2%	40 <sub>/42</sub>	94,4%	3965 <sub>/4195</sub>	0,8%
4.7. Málafni sem rædd voru í síðasta foreldraviðtali	-	42	-	-	-
4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum	41,9%	18 <sub>/43</sub>	54,3%	2184 <sub>/4035</sub>	-12,4%
4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra	75,0%	30 <sub>/40</sub>	84,8%	3246 <sub>/3872</sub>	-9,8%
4.10. Ánægja foreldra með heimasíðu skólans	74,4%	32 <sub>/43</sub>	80,2%	3327 <sub>/4185</sub>	-5,8%
4.11. Foreldrar upplýstir um stefnu skólans og námskrá	67,4%	29 <sub>/43</sub>	72,8%	3131 <sub>/4272</sub>	-5,4%


Foreldrar eru almennt ánægðir með *frumkvæði kennarara að foreldrasamstarfi*. Eins erum við á pari við landið varðandi *áhrif foreldra á ákvarðanir er varða nemendur* og hefur sá liður farið upp frá í fyrra. Sömuleiðis telja foreldrar almennt *að leitað sé eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina*. Þeir telja sig einkum hafa áhrif á þætti eins og foreldrasamskipti og félags- og tómsundastarf en telja sig ekki hafa áhrif á stjórnun og stefnumótun, kennslufyrirkomulag eða val á námsefni svo dæmi séu tekin. Foreldrar myndu hins vegar vilja hafa meiri áhrif á t.d. agamál, val á námsefni og námshraða. Um 95% foreldra eru *ánægðir með síðasta foreldraviðtal*. Í ár telja um 42% foreldra sig *taka þátt í gerð námsáætlana* og er það ívið fleiri en í fyrra. Um 75% foreldra telja það mikilvægt á móti 85% foreldra á landsvísu. Meiri ánægja er í ár en í fyrra með *heimasíðu skólans* en þó er það enn undir landsmeðaltali. Heimasíðan okkar er ný og enn verið að setja efni inn á hana. Vonandi eykst ánægja með síðuna þegar fram í sækir. Athygli vekur að 12% foreldra hafa ekki skoðað heimasíðuna.

Varðandi það hversu upplýsta foreldrar telji sig vera um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá, þá telja rúm 32% sig vera ekki eða lítið upplýsta um þau atriði.


4.1. Frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi – Ársmeðaltöl




4.2. Áhrif foreldra á ákvarðanir varðandi nemendur – Ársmeðaltöl




4.3. Leitað eftir tillögum frá foreldrum og ábendingar teknar til greina – Ársmeðaltöl




4.4. Ánægja með síðasta foreldravíðtal – Ársmeðaltöl




4.8. Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum – Ársmeðaltöl




4.9. Mikilvægi þess að gera námsáætlun með nemandanum að mati foreldra – Ársmeðaltöl



4.10. Ánægja foreldra með heimasiðu skólans – Ársmeðaltöl



Ísleifaræna – Áætlunin og áætlunin um stuðningu heimabarns í T. A



### 4.4.5 Heimastuðningur








Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Virkni foreldra í námi barna sinna	4,7	43	5,0	4.140	-0,3
5.2. Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu með námið	4,3	43	4,7	4.120	-0,4
5.3. Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu	4,3	43	4,4	4.078	-0,1
5.4. Hæfileg heimavinna að mati foreldra	76,7%	33/43	74,4%	3038/4069	2,3%
5.5. Tími sem foreldrar aðstoða við heimanám	39,0%	16/41	53,0%	2199/4084	-14,0%*
5.6. Væntingar foreldra um háskólanám	57,9%	22/38	77,7%	2843/3817	-19,8%*
5.7. Væntingar foreldra um iðnnám	26,3%	10/38	10,4%	472/3817	15,9%*

Síðasti liðurinn í spurningalista til foreldra varðar *heimastuðning* og mælist hann eilítið minni en landið í heild. *Virkni foreldra í námi barna sinna* hefur lítið breyst frá í fyrra og er við landsmeðaltal. *Trú foreldra á eigin getu til að hjálpa barni sínu* hefur dalað aðeins frá í fyrra og er undir landsmeðaltali. Tæp 12% foreldra vita ekki hvernig þeir geti hjálpa barni sínu til að standa sig vel í skólanum, 19% gengur ekki

vel að hjálpa barninu að læra og 34% telja félagahópin hafa meiri áhrif á námsárangur barnsins en foreldrið sjálft. *Vilji nemenda til að leita eftir þátttöku foreldra í náminu* er á pari við landið eins og í fyrra.


Foreldrar eru nokkuð ánægðir með *magn heimanáms* eða svipað og í fyrra. Tími foreldra sem fer í að *aðstoða barnið sitt* er svipaður og í fyrra og er undir landsmeðaltali. Í aðstoð við heimanám á dag eyða 5% foreldra engum tíma, 56% 15 mínútum eða minna, 24% 16-30 mínútum, 15% 31-60 mínútum, enginn meira en 60 mínútum á dag.

Lokaspurningin til foreldra varðar *væntingar um menntunarstig barna sinna*, þ.e. hvaða menntunarstigi þeir telji að börn sín muni ljúka. Liðurinn *væntingar foreldra um háskólanám* tekur kolldífu og er kominn töluvert undir landsmeðaltal frá því að vera á pari við landið í fyrra (58% í ár á móti 71% í fyrra). Hins vegar hafa *væntingar foreldra um iðnnám* stóraukist og er langt yfir landsmeðaltali (26% á móti 10% á landsvísu).




## Hvaða námsgráðu átt þú von á að barnið þitt ljúki?

### 2018:



### 2019:







## 4.5 STARFSMANNAKÖNNUN

Spurningum starfsmanna er skipt í eftirfarandi flokka: *almennar upplýsingar um starfsmenn, viðhorf til skólans, kennarastarfið, starfsumhverfi kennara, mat og endurgjöf og símenntun kennara*. Misjafnt er eftir starfsheiti hvaða spurningum hver starfsmaður svarar

### 4.5.1 Allir starfsmenn – almennt.

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
1.1. Starfsmannaviðtöl undanfarið ár	100,0%	16	74,8%	956 <sub>/1258</sub>	25,2%*
1.2. Gagnsemi starfsmannaviðtals	93,3%	14 <sub>/15</sub>	87,3%	790 <sub>/887</sub>	6,0%
1.3. Tíðni áreitni meðal starfsfólks	18,8%	3 <sub>/16</sub>	17,1%	214 <sub>/1267</sub>	1,7%
1.4. Tíðni eineltis meðal starfsfólks	18,8%	3 <sub>/16</sub>	9,7%	120 <sub>/1267</sub>	9,1%

Undir liðnum *starfsmannaviðtöl undanfarið ár* er verið að kanna hvort starfsmaður hafi farið í starfsmannaviðtal/starfsþróunarviðtal á síðustu 12 mánuðum. Svörin er 100%, þ.e. allir telja sig hafa gert það. Varðandi *gagnsemi starfsmannaviðtala* þá telja 93% starfsmannaviðtölin vera mjög/frekar gagnleg. *Tíðni áreitni meðal starfsfólks* er nokkurn veginn á pari við landið og er aðeins yfir landsmeðaltali. Um 13% telja sig hafa orðið fyrir áreitni frá samstarfsfólki og 6% frá nemendum eða foreldrum. Starfsmenn upplifa ákveðið *einelti meðal starfsfólks* af hálfu annarra starfsmanna og/eða foreldra/nemenda í aðeins minna mæli en í fyrra og er það enn ansi mikið yfir landsmeðaltali. Við greiningu á spurningum og svörum þá telja tæp 19% sig hafa orðið fyrir einelti frá samstarfsfólki á síðustu 12 mánuðum. Þetta þarf að laga, greina og gera úrbætur á.




#### 4.5.3 Allir starfsmenn - Viðhorf starfsmanna til skólans

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
2.1. Starfsánægja í skólanum	5,2	16	5,2	1.279	0,0
2.2. Starfsandi innan skólans	5,0	16	5,0	1.263	0,0
2.3. Stjórnun skólans	4,8	16	5,0	1.252	-0,2
2.4. Upplýsingastreymi innan skólans	4,6	16	4,6	1.267	0,0
2.5. Starfsumhverfi í skólanum	4,5	16	5,0	1.263	-0,5


Almennt séð kemur þessi liður vel út. *Starfsánægja og starfsandi í skólanum* er ásættanlegur, á pari við landið. Þó ber að skoða að ánægja með þessa tvo þætti mælist minni meðal almennra starfsmanna en kennara. Það ber að taka alvarlega og ráða bót á. Ánægja með *stjórnun skólans* hefur aðeins dalað og er við landsmeðaltal. Þó telja um 93% starfsmanna að þeir séu hvattir til að sýna frumkvæði, 80% telja að starf þeirra sé metið að verðleikum af stjórnendum, allir bera traust til stjórnenda

sinna, 74% telja stjórnendur leysa ágreiningsmál sem upp koma, 86% segjast fá hvatningu frá stjórnendum og loks telja um 70% að tekið sé tillit til skoðana þeirra. *Ánægja með upplýsingastreymi* hefur dalað. Það sem helst vantar upp á upplýsingar eru þættir eins og upplýsingar varðandi starfið og það hvort nýir starfsmenn fái nauðsynlega fræðslu og þjálfun í upphafi starfstíma. Þetta ber að skoða mjög vel og grípa til ráðstafana. *Starfsumhverfi í skólanum* fer einnig dalandi. Um 39% telja vinnuaðstöðu sína ekki góða og um 64% telja álag í starfi vera of mikið þegar á heildina er litið.


2.1. Starfsánægja í skólanum – Ársmeðaltöl




2.2. Starfsandi innan skólans – Ársmeðaltöl




2.3. Stjórnun skólans – Ársmeðaltöl



2.4. Upplýsingastreymi innan skólans – Ársmeðaltöl



2.5. Starfsumhverfi í skólanum – Ársmeðaltöl




#### 4.5.4 Kennarar - Kennarastarfið

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
3.1. Ánægja með kennarastarfið	5,5	10	5,0	772	0,5
3.2. Trú kennara skólans á eigin getu	4,9	10	4,7	775	0,2
3.3. Upplýsingamiðlun til foreldra	5,6	10	5,0	725	0,6
3.4. Áætlaður meðaltími í heimavinnu nemenda á viku	31,9 mín	8	39,2 mín	681	-7,3 mín
3.5. Undirbúningur kennslu í skólanum	72,7%	8, <sub>11</sub>	73,5%	582, <sub>775</sub>	-0,8%
3.6. Öllum bekknum kennt í einu	45,5%	5, <sub>11</sub>	45,5%	348, <sub>775</sub>	0,0%
3.7. Hópavinna í bekk	63,6%	7, <sub>11</sub>	31,7%	241, <sub>761</sub>	31,9%*
3.8. Einstaklingsvinna í bekk	45,5%	5, <sub>11</sub>	35,1%	270, <sub>778</sub>	10,4%
3.9. Einstaklingsmiðuð kennsla	81,8%	9, <sub>11</sub>	54,4%	424, <sub>780</sub>	27,4%
3.10. Áhersla kennara á námsmat með prófum	9,1%	1, <sub>11</sub>	16,2%	122, <sub>748</sub>	-7,1%
3.11. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum	81,8%	9, <sub>11</sub>	78,7%	599, <sub>764</sub>	3,1%
3.12. Áhersla kennara á námsmat með öðru en prófum (annað)	-	0	-	-	-

Ánægja með kennarastarfið fer enn vaxandi frá því í fyrra og er nú meiri en á landsvísu. Trú kennara á eigin getu er góð og er við landsmeðaltal. Hún hefur þó aðeins dalað frá í fyrra. Spurt er um upplýsingamiðlun til foreldra og hefur hún farið vaxandi og er yfir landsmeðaltali í ár eins og í fyrra. Kennarar hér ætlast í minna mæli til heimavinnu af nemendum sínum en annars staðar en þó meira í ár en í fyrra. Nálægumst landsmeðaltal. Í fyrra sinntu mun færri kennarar undirbúningi sínum í skólanum en nú eru kennarar hér á pari við landið hvað varðar þann lið, 73% undirbúa kennslu í skólanum. Varðandi kennsluáferðir þá hefur hópavinna stóraukist frá því í fyrra og er nú mikið meiri en á landinu öllu (64% hér á móti 32%).

Einstaklingsvinna, þar sem nemandi vinnur sjálfstætt eftir áætlun eða ákveðnu markmiði, jókst mjög í fyrra en hefur aftur minnkað en er þó enn yfir landsmeðaltali (45% á móti 36%). Einstaklingsmiðuð kennsla hefur aukist frá í fyrra og er nú 81% á móti 54% á landsvísu sem segir okkur að kennarar reyna að einstaklingsmiða námsefni eins mikið og þeim er unnt, þ.e. taka tillit til ólíkra þarfa nemanda, gera sér grein fyrir að hæfni nemanda í færniþáttum er mismikill, byrjunarreitur ekki sá sami hjá öllum og þ.a.l. er námshraði mismunandi. Áhersla á námsmat með prófum hefur minnkað mjög mikið allt frá árinu 2015. Í ár hefur þessi þáttur aðeins aukist aftur en við erum enn undir landsmeðaltali. Til prófa teljast hefðbundin próf kennara, samræmd próf og greiningarpróf. Áhersla á námsmat með öðru en prófum er

nokkurn veginn á pari við landið þó það hafi aðeins minnkað frá í fyrra. Kennarar nota í meiri mæli annars konar námsmat en hefðbundin próf. Allir leggja áherslu á faglegt mat sitt á vinnu nemenda, um 73% leggja áherslu á jafningjamat, 82% leggja áherslu á sjálfsmat nemenda, 9% á mat foreldra, 91% á leiðsagnarmat og 90% á símat.




#### 4.5.5 Kennarar - Starfsumhverfi kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
4.1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námserfiðleika	6,0	10	5,1	730	0,9
4.2. Stuðningur við kennara vegna hegðunarörðugleika nem.	6,5	11	5,3	726	1,2*
4.3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara	6,6	11	5,0	760	1,6*
4.4. Samráð um kennslu	5,5	11	5,0	743	0,5
4.5. Samvinna um kennslu	5,9	10	5,1	729	0,8
4.6. Valddreifing við ákvarðanatöku	6,2	11	4,9	697	1,3*
4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur	5,7	11	4,7	736	1,0*
4.8. Vinnuaðstæður kennara	6,2	11	5,1	751	1,1*


*Stuðningur við kennara vegna nemenda með náms- eða hegðunarörðugleika* hefur enn aukist frá fyrri árum og eru báðir þættir nú vel yfir landsmeðaltali. Að mati kennara telja þó 34% sig hafa sjaldan aðgang að ráðgjöf sérfræðinga sem geta leiðbeint varðandi vinnu með nemendum með hegðunarvandamál.

*Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara* hefur verið að aukast frá árinu 2017 og er nú vel yfir landsmeðaltali. Um 60% kennara telja að þegar þeir eigi í vanda í kennslustofu þá hafi skólastjórnendur alltaf eða oft frumkvæði að því að ræða málin. Liðurinn *Samráð um kennslu* er svipaður fyrri tveimur árum og er yfir landsmeðaltali. *Samvinna um kennslu* hefur verið í stöðugri sókn undanfarin ár og er það skiljanlegt þar sem skólinn hefur í meira mæli verið að fara inn í teymiskennslu. Nú fer þessi liður aðeins niður á við en er þó yfir landsmeðaltali. Um 44% segjast aldrei fylgjast með kennslu annarra kennara og veiti endurgjöf, um 60% telja sömuleiðis að þeir taki sjaldan eða aldrei þátt í sameiginlegum viðfangsefnum milli ólíkra bekkja og aldurshópa. Þessa tvo þætti þarf að huga að fyrir næsta vetur. *Valddreifing um ákvarðanatöku* er enn yfir landsmeðaltali (6,2 á móti 4,9). *Virk samvinna um skólaþróun og umbætur* er sömuleiðis yfir landsmeðaltali. Almennt telja kennarar að þeir vinni saman að skólaþróun og miðli þekkingu. *Vinnuaðstæður kennara* hafa batnað skv Skólapúlssi og er vel yfir landsmeðaltali. Þó eru um 27% því frekar ósammála að aðstaðan í skólanum sé hrein eða aðlaðandi.


1. Stuðningur við kennara vegna nem. með námsertíðleika – Ársmeðaltöl




2. Stuðningur við kennara vegna hegðunaröruggleika nem. – Ársmeðaltöl




3. Faglegur stuðningur skólastjóra við kennara – Ársmeðaltöl




4.4. Samráð um kennslu – Ársmeðaltöl




4.5. Samvinna um kennslu – Ársmeðaltöl




4.6. Valddreifing við ákvarðanatöku – Ársmeðaltöl



4.7. Virk samvinna um skólaþróun og umbætur – Ársmeðaltöl



4.8. Vinnuaðstæður kennara – Ársmeðaltöl








#### 4.5.6 Kennarar - Mat og endurgjöf

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
5.1. Umfang mats og endurgjafar	90,9%	10 <sub>/11</sub>	66,6%	490 <sub>/727</sub>	24,3%
5.2. Hæfilegt mat og endurgjöf frá stjórnendum að mati kennara	70,0%	7 <sub>/10</sub>	53,1%	387 <sub>/713</sub>	16,9%
5.3. Sanngirni mats og endurgjafar	90,0%	9 <sub>/10</sub>	94,0%	499 <sub>/529</sub>	-4,0%
5.4. Gagnsemi mats og endurgjafar	90,0%	9 <sub>/10</sub>	88,8%	439 <sub>/493</sub>	1,2%
5.5. Nýting á niðurstöðum kennaramats	4,8	9	4,3	491	0,5

Um 91% kennara telja sig fá *mat og endurgjöf* á einn eða annan hátt frá skólastjórnendum, öðrum kennurum eða utanaðkomandi og er þessi þáttur langt yfir landsmeðaltali. Spurning hvort þennan lið megi m.a. þakka smæð skólans þar sem

starfsmenn þekkjast vel og ræða reglulega starfið. Um 70% kennara telja *mat og endurgjöf frá stjórnendum* vera hæfilegt og hefur aukist að mun frá því í fyrra. *Sanngirni mats og endurgjafar* hækkaði töluvert í fyrra og er á sama stað í ár. Yfirleitt telja kennarar mat/endurgjöf vera sanngjarna. Sama má segja um *gagnsemi mats og endurgjafar* en þar telja flestir að mat/endurgjöf hafi gagnast til að bæta starf þeirra við skólann. *Nýting á niðurstöðum kennaramats* er enn yfir landsmeðaltali en þó eru þarna þættir sem ber að skoða vel, s.s. að 33% kennara eru ósammála því að mat skólastjórnenda á því hvort kennarar standi sig vel eða illa sé árangursríkt, 29% telja að mat á starfi kennara hafi lítil áhrif á kennsluhætti, 44% telja að viðvarandi slök frammistaða kennara sé látin viðgangast og 44% telja að stjórnendur bregðist ekki við viðvarandi slakri frammistöðu í starfi. Þetta má ef til vill skýra með því að oft vita kennarar ekki hvað fram fer milli stjórnenda og annarra kennara.





#### 4.5.7 Kennarar - Símenntun kennara

Matsþættir	Niðurstaða	N	Landið	N	Mismunur
6.1. Fjöldi daga í símenntun undanfarið ár	45,5%	5,11	43,7%	318,726	1,8%
6.2. Símenntunarþörf kennara	5,4	11	5,4	750	0,0
6.3. Símenntunarþörf kennara (annað)	-	0	-	-	-
6.4. Hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán.	72,7%	8,11	54,7%	402,742	18,0%
6.5. Hindranir í símenntun kennara	-	-	-	-	-
6.6. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni sl. 12 mán.	-	11	-	-	-

Að lokum er spurt um *símenntun kennara*. *Símenntunarþörf kennara* hefur minnkað frá í fyrra og skýrist etv af því að kennarar eru í stöðugri símenntun á vegum Skólaskrifstofu A-Húns sem og á eigin vegum (Utis, menntabúðir o.s.frv.) Helst vilja kennarar þó fá meiri símenntun um námsmat, nýjungar og þróun í kennslufræðum, upplýsinga-og samskiptatækni sem nýtist í kennslu, kennslu nemenda með sérþarfir og um hegðunar-og agamál. Síðan er spurt um hlutfall kennara sem hefðu viljað meiri símenntun undanf. 12 mán og þá hefur hlutfall þeirra aukist eins og sjá má á mynd.

Það sem helst hindrar að kennarar sækji sér símenntun er kostnaður, vinnutími og skortur á áhugaverðum námskeiðum. Leiðir kennara til að auka eigin þekkingu/færni er einkum í formi námskeiða, ráðstefna, fyrirlestra og jafnvel samstarfsverkefna með kennurum skólans.



#### **4.6 Námsmat skóla**

Höfðaskóli er með tveggja anna kerfi. Nemendaviðtöl voru haldin þegar fyrri önn lauk þar sem niðurstöður námsmats var komið til nemenda og forráðamanna þeirra. Ekki eru haldnir sérstakir prófadagar heldur fléttast námsmatið inn í skólastarfið og lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat. Í ár snerist endurmenntun kennara um leiðsagnarmat og teymiskennslu í samstarfi við aðra skóla í Húnavatnssýslum.

#### **4.7 Umbætur - Áskoranir**

Með því að nota Skólapúlsinn skuldbindum við okkur til að grípa til aðgerða þar sem þess er þörf og festa í sessi það sem hefur gefist vel í skólanum. Niðurstöður Skólapúlsins hafa verið kynntar starfsmönnum skólans um leið og þær hafa borist. Helstu áskoranir næsta skólaár í því að bæta það sem betur má gera snúast um eftirfarandi:

- Auka trú nemenda á eigin getu
- Huga að vellíðan nemenda
- Vera á varðbergi varðandi staði eineltis – alltaf og alls staðar
- Ræða og kynna eineltisáætlun fyrir foreldrum. Gera sýnilega.
- Huga að mötuneyti
- Meiri samræða við foreldra um nám barna þeirra
- Skilgreina áreitni og einelti. Grípa til aðgerða.
- Auka trú kennara á eigin getu.
- Auka samvinnu meðal kennara þvert á skólastig.
- Hvetja, styðja, hrósa. Styrkja alla endurgjöf til starfsmanna.

## 5 Að lokum

Skólapúlsinn bendir okkur réttilega á að við verðum að bregðast við ákveðnum annmörkum og verður hafist handa strax við að greina þessa annmarka og gera umbótaáætlun í kjölfarið.

Gott skólastarf byggir á því að allir vinni að sama takmarki, bæði starfsfólk, heimilin og nemendur. Við viljum að öllum líði hér vel og hljótum að taka þær athugasemdir alvarlega sem fram koma í könnun Skólapúlsins. Höfðaskóli (nemendur, foreldrar, starfsmenn) má vera stoltur af flestu því sem kemur fram í Skólapúlsinum og vera ánægður með það sem vel er gert. Höfðaskóli er metnaðarfullur skóli þar sem hver einstaklingur á að fá að njóta sín og honum mætt á einstaklingsgrundvelli.

Allir, þ.e. starfsmenn, foreldrar og nemendur þurfa að huga að samræðunni, samskiptunum og síðast en ekki síst virðingu fyrir hvert öðru.

Munum einkunnaorð skólans VINSEMD – VIRÐING – STYRKUR.